

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 13. mars 2011 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-97/2011:

I

Álitaefni og kröfugerð

Þann 20. október s.l. bað X, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á bifreiðinni xx-000 af Y. Álitsbeiðandi segir galla hafa verið á bifreiðinni og gerir þá kröfu að kaupunum verði rift.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 21. október s.l., gaf kæruneftndin Y kost á andsvörum og frest til þess að skila þeim til 4. nóvember. Þann 2. nóvember bárust andsvör sem rituð voru af A fyrir hönd seljanda. Með bréfi dags. 8. nóvember var álitsbeiðanda send andsvörin og gefinn kostur á að gera athugasemdir við þau og frest til þess til 22. nóvember. Athugasemdir bárust frá álitsbeiðanda 5., 8. og 12. desember. Með bréfi, dags. 14. desember var seljanda sendar athugasemdirnar og gefinn kostur á að gera athugasemdir við þær til 28. desember. Frekari athugasemdir bárust ekki.

III

Málavextir og rökstuðningu álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni kemur fram að deilt sé um kaup á Renault bifreið árg. 1997 með skráningarnúmerið xx-000 í álitsbeiðni segir síðan:

„A seldi bíl dóttur sinnar Y sem reyndist það illa farinn að hann kemst ekki gegn um skoðun nema með stórfeldum viðgerðum sem gætu kostað um 500 þúsund (180 þúsund verð á bíl) greitt). Um er að ræða skoðunnar blöð sem virðast vera fölsuð – búið að skrifa á blöðin (búið). Kem til með að sýna þau blöð (meðfylgjandi). Vatnskassi, fór 2 vikum eftir kaup – 44. þús. Bensíntankur fór að leka og var límt fyrir gat með einhverskonar límbandi – Tjakkur ónýtur. Dekkin lek og miðstöð ónýt. Bauð A að laga flautu og kúpul á v. f. ljósi. Bauð A einnig að taka bílinn aftur en svörin sem ég fékk voru þau „að mér hefði verið nær að skoða bílinn betur“ og „þau þyrftu að nota þessa peninga núna““.

Með álitsbeiðninni fylgdi kaupsamningur, sem einungis er undirritaður af seljanda bifreiðarinnar, dagsettur 13. júlí 2011. Þar kemur fram að um sé að ræða bifreið af gerðinni Renault Scenic, árgerð 1997, nýskráða í febrúar 1997. Söluverð bifreiðarinnar sé kr. 180.000.

IV

Andsvör gagnaðila og athugasemdir álitsbeiðanda

Í andsvörum, sem rituð eru af föður seljanda og milligöngumanni um sölu bifreiðarinnar segir um málsatvik:

„Bíllinn var auglýstur í fréttablaðinu í endan júní með mynd og ástett verð frá bílasölum var frá 250.000-280.000 þúsund krónur. [...] Kaupandi X hringir í mig og vill fá að skoða bílinn, fer ég í kjölfarið til hennar þar sem hún átti heima og var hún þar ásamt öðrum manni sem skoðaði bílinn

með henni. Fór hún í prufu keyrslu og kom til baka og leist vel á bílinn og einnig leist manningum sem hún var með vel á bílinn. Var ákveðið að hittast daginn eftir og ganga frá kaupunum því hana vantaði bíl til að fara norður. Sama kvöld hringir X í mig og segist ekki vilja kaupa bílinn nema hann verði skoðaður. [...] Ég lét skoða bílinn [...] og komu þá í ljós nokkrar athugasemdir. [...] Lét ég gera strax við alla hlutina sem gerð var athugasemd við nema þrjú hluti sem voru flauta, spurnga í ljósi að framan og ryð í sílls fyrir framan hægra aftur dekk. Skrifaði ég á afritað blað frá skoðuninni um hvað væri búðið að gera við sem ég lét fylgja með bílnum við kaupin svo X gæti haft það líka. Eftir þetta hringji ég í X og spyr hana hvort hún hafi ennþá áhuga á að kaupa bílinn og að hún hafi frest til 31.08.2011 til að láta gera við þessi þrjú atriði sem eftir voru. Hún vildi þá kaupa bílinn strax en vildi fá hann lækkaðan í verði og var því ákveðið að hún fengi bílnn á 180.000 kr [...]. Ég sagði henni 3 sinnum að afrit af skoðunarblaðinu væri í bílnum og nákvæma tímasetningu á frestinum sem hún hefði.”

Einnig kemur fram í andsvörum að eftir að seljandi hafi fengið bréf frá FÍB vegna viðskipta við álitsbeiðanda hafi verið haft samband við álitsbeiðanda og henni boðið að seljandi tæki bílinn og léti gera við hann, en álitsbeiðandi hefði hafnað því. Að lokum er því hafnar seljandi því að skilyrði fyrir riftun samningsins séu til staðar.

Í athugasemdum álitsbeiðanda er ekki að finna athugasemdir við þau málsatvik eða þær fullyrðingar sem skipta máli fyrir álit þetta.

V

Úr gögnum máls

Með álitsbeiðninni fylgja nokkrir reikningar, sá fyrsti að upphæð 44.369 kr. frá Bifreiðarverkstaðinu Z, fyrir nýjum vatnskassa, frostlegi og vinnu við vatnskassa, dags., 11. ágúst s.l. Annar reikningurinn er að upphæð 5.646 kr. frá B, og er vegna kaupa á flautu, ísetningar hennar og kaupa á vélarolíu. Þriðji reikningurinn er frá Umferðarstofu, en sá reikningur hljóðar upp á 18.008 kr. þar af 15.478 kr. fyrir bifreiðagjöld. Einnig fylgir með skoðunarvottorð frá Aðalskoðun vegna bifreiðarinnar, en það yfirlit er dagsett 11. júlí og stafar skv. gögnum máls, frá föður seljanda. Í því yfirliti kemur fram að bifreiðin sé ekin 234.587 km. Í skoðunarvottorðinu eru gerðar athugasemdir við eftirtalin atriði, og fyrir aftan nokkur þeirra verið ritað „búið“:

- a. Ljósker aðalljósa gat í gleri vinstra megin
- b. Hemlaljós „búið“
- c. Flauta óvirk
- d. Útblásturskerfi óþétt „búið“
- e. Dyrabúnaður ekki hægt að opna framhurð hægra megin utanfrá „búið“
- f. Stýrisendar „búið“
- g. Styrkleikamissir, síls aftast vinstra megin framan við festingu á afturöxli.
- h. Hemlaborðar- og klossar „búið“

Að þessu virtu var niðurstaða skoðunarinnar endurskoðun og frestur veittur til 30. ágúst 2011.

Þá er meðfylgjandi skoðunarvottorð frá Aðalskoðun dagsett 31. ágúst 2011. Þar kemur fram að eftirfarandi athugasemdir hafi verið gerðar við ástand bifreiðarinnar:

- a. Útblásturskerfi
- b. CO-nihald og Lambda
- c. Styrkleikamissir

Var niðurstaða síðari skoðunarinnar endurskoðun og frestur veittur til 30. september 2011.

VI

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 þann 13. júlí 2011 fyrir kr. 180.000. Bifreiðin er árgerð 1997 og fyrsti skráningardagur hennar 12. febrúar 1997. Bifreiðin var því rúmlega 14 ára á kaupdegi og af gögnum máls má ráða að hún hafi verið ekin rúmlega 234.000 km þegar kaupin fóru fram.

Kaupsamningur um bifreiðina barst nefndinni frá álitsbeiðanda, en samningurinn er undirritaður af seljanda. Í samningnum segir m.a. eftirfarandi:

„Ökutæki selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sættir sig við“

Kæruneftndin álitur að um kaupin gildi 19.-20. gr. laga nr. 50/2000, en þar segir m.a. eftirfarandi.:

19. gr. *Hlutur seldur „í því ástandi sem hann er“. Sala á uppboði.*

Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- a. hluturinn svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur gefið um hann, eiginleika hans eða not og ætla má að þessi atriði hafi haft áhrif á það að kaup gerðust;
- b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skipta varðandi hlutinn eða not hans og seljandi hlaut að þekkja til og kaupandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin eða
- c. ástand söluhlutar er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

20. gr. *Vond trú kaupanda, rannsókn fyrir kaup o.fl.*

Kaupandi getur ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Hafi kaupandi rannsakað söluhlut áður en kaupin voru gerð eða hafi hann án gildrar ástæðu látið undir höfuð leggjast að sinna hvatningu seljanda um slíka rannsókn getur kaupandi ekki borið fyrir sig neitt það sem hann hefði þá átt að veita athygli. Þetta gildir þó ekki ef seljandi hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans að öðru leyti verið andstætt heiðarleika og góðri trú.

Í framangreindum ákvæðum er annars vegar kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og hins vegar skoðunarskyldu kaupanda. Í a-lið 1. mgr. 19. gr. er kveðið á um það að söluhlutur sé gallaður ef hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur gefið um hann.

Álitsbeiðandi afréð að kaupa bifreiðina sem um er þrætt án þess að hún væri komin með skoðun gegn því að greiða fyrir hana lægra verð. Hafði seljandi afhent henni skoðunartorð bifreiðarinnar frá 11. júlí 2011, þar sem fram kom yfirlit yfir þau atriði sem gerðar voru athugasemdir við, og hafði seljandi merkt við þau atriði sem hann hafði gert við áður en sala fór fram þann 13. júlí. Heldur álitsbeiðandi því fram að ekki sé rétt að seljandi hafi látið lagfæra þau atriði sem tilgreint er að „búið“ sé að laga á vottorðinu. Af samanburði á skoðunartorði dags. 11. júlí og skoðunartorði dags. 31. ágúst telur kæruneftndin að sjá megi að þau atriði sem seljandi hafði merkt við sem „búið“ hafi í raun verið viðgerð. Getur þannig ekki verið um að ræða galla í skilningi a-liðar 1. mgr. 19. gr. Er þannig óumdeilt að umrætt skoðunartorð lá fyrir við sölu og af því mátti skýrlega ráða hvað atriði ætti eftir að lagfæra. Tók söluverð mið af þessum upplýsingum og getur kaupandi ekki borið því fyrir sig að þessum atriðum hafi verið haldið leyndum fyrir honum.

Í c-lið 1. mgr. 19. gr. er kveðið á um það að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti. Þegar litið er til þess að bifreiðin var orðin rúmlega fjórtán ára gömul og ekin rúmlega 234.000 km og kostaði kr. 180.000, lítur kærunefndin svo á að kaupandi slíkrar bifreiðar megi búast við því að hún þarfnist ýmiss konar viðhalds, fyrr eða seinna, geta því bilanir eins og á vatnskassa og lekur bensíntáncur ekki talist óeðliegar miðað kaupverð og atvik að öðru leyti.

Samkvæmt þessu álitur kærunefndin að ekki sé hægt að fallast á að bifreiðin hafi verið gölluð í skilningi ákvæða laga nr. 50/2000 sem rakin eru hér að framan og þar af leiðir að álitsbeiðandi verður ekki talinn eiga riftunarrétt á hendur seljanda eftir þeim lögum. Af framangreindum ástæðum verður að hafna kröfu álitsbeiðanda.

VI Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Áslaug Árnadóttir

Lárus M.K. Ólafsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir